



Jöklafréttaskipulagið Íslands

Fréttabréf

Nr. 16

Febrúar 1987

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn í
Risinu, Hverfisgötu 105, miðvikudaginn
4. mars 1987, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffidrykkja
3. Fyrsta vélsleðaferðin. Kvikmynd
Árna Stefánssonar. Einar B Pálsson
talar með myndinni.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður að þessu sinni miðvikudaginn 4. mars 1987 og haldinn í Risinu Hverfisgötu 105. Lögum samkvæmt á að halda aðalfund fyrir 1. mars, en nauðsynlegt reyndist að fresta honum um eina viku, vegna þess að Hótel Hof, þar sem fundir hafa verið haldnir undanfarin ár, hefur skipt um eigendur og leita þurfti í annað hús. Samkvæmt lögum félagsins er dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
4. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Önnur mál.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist stjórn, en þær þurfa að berast fyrir 1. febrúar.

Að loknum aðalfundarstörfum verður sýnd kvikmynd sem Árni Stefánsson tók árið 1946 í fyrstu vélsleðaferðinni á Vatnajökul. Farið var frá Gránavatni í Mývatnssveit um Suðurbotna og Dyngjufjalladal að Dyngjujökli. Þaðan í Grímsvötn, Kverkfjöll og á Bárðarbungu. Þátttakendur í ferðinni voru Árni Stefánsson, Einar B Pálsson, Einar Sæmundsson, Egill Kristbjörnsson, Sigurður Þórarinnsson og Steinþór Sigurðsson. Einar B Pálsson mun tala með myndinni og skýra það sem fyrir augu ber.

SKÁLABYGGING

Skálabyggingunni miðar vel áfram. Unnið hefur verið flesta laugardaga síðan smíðar hófust í október. Búið er að gera skálann fokheldann og

lokið er við að einangra. Næsti áfangi er að setja krossvið inn á útveggi og loft áður en skilrúm og frekari innréttingar koma.

LEIÐRÉTTING

Í síðasta fréttabréfi urðu lokin á grein um Nautölduferð hálf torskilin. Þar féll niður heil lína. Lok greinarinnar átti að vera eftirfarandi:

Eftir því sem austar dró varð jökullinn sprungnari og brattari. Við mælingastaðinn sem er nálægt miðjum jöklinum hafði hann hlaupið fram um 318 m. Eftir rúmlega fjögurra og hálfis tíma göngu í rigningu og strekkingsvindi af SA var komið að lauginni. Notalegt var að leggjast í hana 38 stiga heit. Á sunnudaginn var haldið í bæinn um Illahraun, Kerlingafjöll, Hvítárnes og skógræktina í Haukadal. Komið til Reykjavíkur um kl. 21:00.

RANNSÓKNIR Í VOR OG SUMAR

Í vor verður óvenjumikill leiðangur farinn á Grímsfjall. Þangað verður dreginn nýr skáli og frá honum gengið við hlið hins gamla. Þar sem mikill mannfjöldi mun fylgja skálanum gefst einnig tækifæri til margvíslegra rannsókna.

Auk venjulegra mælinga á vatnshæð og vetrarákomu í Grímsvötnum verður reynt að gera nákvæmt kort af yfirborði og botni Grímsvatna með íssjár- og endurkastmælingum. Mældar verða hreifingar íshellunnar, jarðskjálftar við Grímsvötn og gerð tilraun til að bora gegnum íshelluna á Vötnunum með bræðslubor. Einnig er í ráði að staðsetja föst merki á jökulskerjum og fjallstoppum

(Kerlingar, Hamarinn, Pálsfjall, Þórðarhyrna, Svíahnjúkur). Hvort allt þetta næst fer eftir veðri, efnum og ástæðum.

Tilraun með bræðslubor er að nokkru leiti undirbúningur undir vinnu á Mýrdalsjökli næsta sumar. Sött hefur verið um styrki til mjög nákvæmra skjálftamælinga, sem er ætlað að kortleggja berggrunn undir Mýrdalsjökli og óreglur í honum. Við þessar mælingar verður að bora allmargar holur niður í ísinn og framkalla skjálfta með sprengingum í holunum. Leiðangrinum til skjálftamælinga mun stjórna Ólafur Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og fær hann tæki til mælinga að láni frá Bandaríkjunum. Samtímis þessu verða gerðar endurbættar íssjarmælingar á jöklinum ef styrkur fæst.

Eins og sjá má er ætlunin að sauma vel að Kötlu, en vonandi verður henni ekki meir um atganginn en svo, að hún fái vatni haldið.

GJÖRFI

Nú er sjöunda starfsár gönguklúbbsins GJÖRFA hafið. Fyrsta gangan var að venju fyrsta laugardag í janúar. Næstu göngur verða laugardagana 28/2, 14/3, 28/3 og 11/4. Lagt er að stað frá Nesti Ártúnshöfða kl. 13.